

Innra mat og greining
Kvikmyndaskóla Íslands
janúar 2025

KVIKMYNDIR NEMENDA Á HAUSTMISSERI
2024, METNAR MEÐ HLIÐSJÓN AF
OPINBERUM VIÐMIÐUM UM ÆÐRI
MENNTUN OG PRÓFGRÁÐUR



KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

KVIKMYNDIR NEMENDA KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS Á HAUSTMISSERI 2024, EINS OG ÞÆR VORU SÝNDAR Í ÚTSKRIFTARVIKU Í LAUGARÁSBÍÓI 19. TIL 22. DESEMBER

Lokaður hlekkur á óbirt verk nemenda í námi. Vefurinn var settur upp sérstaklega vegna þessa sjálfsmats. Myndirnar eru trúnaðarmál nemenda og þeir ráða dreifingu þeirra utan skyldusýninga. Að auki eru margar þessara mynda á leið á kvikmyndahátíðir og mega ekki komast í dreifingu. Kvikmyndaskólinn hefur hins vegar sýningarrétt á myndunum til rannsókna, eins og hér á við, eða kennslu. Handhafar hlekks og lykilorðs eru beðnir um að virða trúnað.

ÚTSKRIFTARSÝNING HAUST 2024

LYKILORD: myndir2024

EFNISYFIRLIT

1. FORMÁLI

2. GÆÐARAMMI OG MATSNEFND

3. UPPBYGGING OG SKIPULAG

KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS

**4. MATSKERFI, MATSSPURNINGAR,
GAGNAÖFLUN**

**5. MÖGULEGAR ÚTKOMUR SJÁLFSMATS,
FORSENDUR**

6. GAGNAFLOKKUN OG GREININGAR

7. NIÐURSTÖÐUR

8. FYLGISKJÖL

FORMÁLI

Kvikmyndaskóli Íslands hefur alla tíð gert innri úttektir með skipulegum hætti til að viðhalda stöðugum og bættum gæðum skólastarfsins. Unnið hefur verið samkvæmt þeirri venju að gera á fimm ára fresti stóra úttekt sem tekur á öllum þáttum starfsseminnar, en þess á milli séu gerðar sértækari kannanir. Þannig var stór könnun gerð árið 2015, með ítarlegri greiningu á kennsluskrá og uppbyggingu hennar, menntunarstigi nemenda og kennara/leiðbeinenda, skólastefnu o.fl. Þar var einnig gerð skipulögð gæðagreining á kvikmyndaframleiðslu heils misseris hjá skólanum, sem framkvæmd var af Hilmar Oddssyni þáverandi rektor skólans. Það eru því 10 ár síðan síðast var gerð heildarkönnun á verkum nemenda af heilu misseri.

Árið 2018 var gerð sértæk könnun, þar sem rannsakað var starfshlutfall útskrifaðra nemenda í tókuliðum íslenskrar bíómyndaframleiðslu á einu ári, hvaða stöður útskrifaðir skipuðu og tengingar við deildir skólans. Árið 2020 framkvæmdi skólinn síðan allsherjarúttekt í tengslum við umsókn skólans um færslu á milli skólaprepa, þar m.a. var metið vinnustundaframlag nemenda í námskeiðum skólans.

Árið 2022 var gerð stór ytri úttekt á skólanum, framkvæmd af óháðum erlendum sérfræðingum sem skipaðir voru af háskólaráðherra. Ábendingar erlendu sérfræðinganna leiddu svo af sér innri úrbótaáætlun sem samþykkt var í Háskólaráðuneytinu í apríl 2023. Eftir henni hefur skólinn starfað síðan. (Sjá hlekkir á öll gögn í fylgiskjölum)

Sú könnun og innri úttekt sem hér er kynnt er sértæk og skoðar einn “verkbátt” í starfsemi skólans, sem er kvikmyndaframleiðsla nemenda á einu misseri, haustinu 2024. Hvatinn að aðgerðinni er fimmþættur: a) Skv. reglum skólans þá er komið að framkvæmd innri úttektar. b) Skólinn undirbýr sig fyrir sértæka ytri úttekt frá sérfræðingum í kvikmyndaháskólum, sbr niðurstöður sérfræðinga 2022.

Skólinn hefur hefur boðið ráðuneyti háskólamála að sú úttekt fari fram í haust, þ.e. á haustmisseri 2025. Könnuninni sem hér er framkvæmd er því einnig ætlað að vera kynningar- og innleiðingargagn fyrir væntanlegan sérfræðingahóp.

c) Nýr ráðherra háskólamála þarf ný og uppfærð gögn um skólann til að byggja sínar ákvarðanir á. Vegna menntunar og reynslu ráðherrans á skyldu sérsviði (arkitektúr), þá vantar könnun sem veitir honum skýra faglega innsýn í starfsemi skólans. d) Kvikmyndaskólinn undirbýr samstarfssamning við evrópskan kvikmyndaháskóla. Ný innri könnun sem sýnir kvikmyndaframleiðslu skólans er fyrir fagfólk besta leiðin til að kynnst starfseminni. e) Skólinn vinnur að uppbyggingu og starfsemi 100 manna akademíu skólans. Innri úttekt sem sýnir kjarnann í starfseminni, sem er listsköpun nemenda, er það sameinar hópinn best og eflir metnaðinn.

Ástæða er til að nefna að Kvikmyndaskólinn hefur starfað við mjög erfið ytri skilyrði yfir langt tímabil. Viðurkenning stjórnvalda, sem skólinn hefur haft frá árinu 2003, rann út í nóvember 2022 og skólinn hefur starfað án viðurkenningar síðan, en vissulega í stöðugu sambandi við stjórnvöld, þar sem unnið er að samningum með afturvirkni. Síðastliðið haust (2024) hætti Menntasjóður námsmanna að lána nýnemum, sem leiddi til þess að 24 nemar gátu ekki hafið nám. Eitt af grunngildum Kvikmyndaskólans, alla tíð, hefur verið: “Viðskiptavinurinn á skilið bestu þjónustu á hverjum degi”. Sem skólagjaldaskóli, þá er alveg skýrt hverjir viðskiptavinir skólans eru. Verkefnið, þegar ytri aðstæður eru erfiðar, er að tryggja að nemendur verði helst ekki varir við neitt og að ekkert sé slegið af gæðum skólahalds. En þetta er vandasamt að sjálfsögðu. Við afnám lánaðarinnar hjá Menntasjóðnum má segja að múrinn hafi brostið, þar sem ytri aðstæður trufla nú með beinum hætti námsferla nemenda. Auk þess hefur óvænt 100 m.kr tekjutap á síðasta haustmisseri þyngt rekstur skólans verulega. Slíkar aðstæður kalla enn frekar á að gerð sé könnun á gæðum skólastarfsins.

Þess má geta að umrædd úttekt er framkvæmd án kynningar fyrir stjórnendum daglegrar starfsemi, kennurum eða nemendum skólans, og engar upplýsingar voru gefnar upp fyrirfram um að hún yrði gerð. Hér er því um að ræða sýn á “dæmigert” misseri við skólann í starfsemi sem verið hefur með

sama sniði frá árinu 2009, þegar fyrsta útskrift úr núverandi fjögurra deilda kerfi átti sér stað. Til skoðunar nú á haustönn 2024 voru 88 kvikmyndir. Þess má geta að skráðar kvikmyndir úr framleiðslu skólans frá árinu 2011 eru 2312 talsins. Sjá:

[Útgáfa og gögn Kvikmyndaskóla Íslands](#)

Ástæða er til að taka eftirfarandi fram: Hér er um hefðbundið sérhæft sjálfsmat Kvikmyndaskólans að ræða, sem fyrst og fremst er hugsað fyrir innri vinnslu og vinnu í ráðum og nefndum. Skólinn starfar samkvæmt í akademískri klukku, sem er útfærsla hans á umgjörð Evrópusambandsins, ESG 2015, um hvernig fyrirmyndar háskólastarf skuli hugsað og framkvæmt. Skýrslan er hugsuð sem gagn fyrir gæðaráð skólans, að sjálfsögðu, en ekki hvað síst, gagn fyrir kennsluskrárnefnd, í hennar hlutverki við uppbyggingu og þróun náms og kennslu. Árleg uppfærsla kennsluskrár/námskrár miðar við að gerðar séu 5% uppfærslur árlega, en á 5 ára fresti séu gerðar allt að 10-15% uppfærslur, eftir því sem þörf kallar á samkvæmt mati. Það var gert árið 2015 og árið 2020 og stefnt er að gera stærri uppfærslu árið 2025, þ.e. í næstu kennsluskrá fyrir skólaárið 2025-2026. Könnun þessi er innlegg í þá vinnu.

2. GÆÐARAMMI OG MATSNEFND

2.1 Í gæðastefnu Kvikmyndaskólans eins og hún er kynnt í reglum hans, segir eftirfarandi:

Markmið eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í KVÍ/IFS er:

- a) að tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt,
- b) að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt,
- c) að bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt,
- d) að stuðla að aukinni ábyrgð KVÍ/IFS á eigin starfi,
- e) að tryggja samkeppnishæfni háskóla á alþjóðavettvangi.

Sú könnun sem hér er kynnt er með sérstaka áherslu á lið b, þ.e. að tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt, en allir hinir þættirnir eru hafðir til hliðsjónar, eðli málsins samkvæmt.

2.2 Matsteymið skipuðu: Böðvar Bjarki Pétursson, stofnandi og stjórnarformaður Kvikmyndaskóla Íslands; Dr. Sigurjón Baldur Hafsteinsson prófessor í safnafræði við Félagsfræði-, mannfræði-, þjóðfræðideild Háskóla Íslands, og formaður rannsóknarráðs Kvikmyndaskólans; og Dr. Sigurður Gylfi Magnússon prófessor í menningarsögu við námsbraut í sagnfræði við Háskóla Íslands, sem situr í dómnefnd um akademískt hæfi hjá Kvikmyndaskólanum.

Vinnsla var í höndum Þóru Fjeldsted (MA í Safnafræði / Graduate School of Arts and Sciences, New York University), sem gerði efnisgreiningu á myndunum og var jafnframt ritari matsnefndar; Önnu Þórhallsdóttur (MS í Stjórnun og stefnumótun / Háskóli Íslands), sem sá um samlestur við hin opinberu hæfniviðmið; Hrafnkels Stefánssonar (MA í Handritsgerð / London Film School), sem greindi árlegan árangur útskriftarmynda í Cilect keppnum; Sigurðar Kristins Ómarssonar hönnuðar, sem sá um framsetningu mynda á vefsíðu, og Ernu Lilliendahl ritstjóra IFS news, sem sá um greiningu fréttar.

Vinna við matsferlið stóð yfir frá 10. desember 2024 til 31. janúar 2025.

3. UPPBYGGING OG SKIPULAG KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS

3.1 Grunnur Kvikmyndaskóla Íslands stendur á þremur meginstoðum:

- a. Skólastefnu sem byggir á einstaklingsmiðuðu verklegu listnámi þar sem kennarar og leiðbeinendur eru allir starfandi sérfræðingar sem starfa eftir vel skipulagðri kennsluskrá sem er þrauthugsuð til að sinna atvinnulífinu og sérhæfðum áhugasviðum stúdenta. Markmið skólans er að vera í fremstu röð kvikmyndaháskóla í heiminum sem íslenskur (national) og alþjóðlegur kvikmyndaháskóli. Sjá nánar um skipulag í umfjöllun um kennsluskrá 3.2.
- b. Sjálfstæði skólans til að stýra eigin þróun og starfsemi. Skólinn hefur allt frá aldamótum haft það markmiði að falla inn í hið opinbera íslenska skólakerfi og að vera til fyrirmyndar í uppfyllingu laga og regluverks sem Alþingi og íslensk stjórnvöld setja um skólastarf. Hið sama má segja um evrópsk viðmið um háskólastarf (ESG 2015) sem Kvikmyndaskólinn hefur fylgt af nákvæmni frá árinu 2021, þegar skólinn hóf formlega störf sem háskóli - án viðurkenningar vegna úttektar. Kvikmyndaskólinn hefur á sama tíma sýnt algjört sjálfstæði í innri uppbyggingu, skipulagi og kennsluskrárgerð við skólann. Háskólayfirfærslan hefur styrkt sjálfstæði skólans enn frekar, enda er frelsi til að ráða eigin málum, í smáu og stóru, hin helga kenning akademíunnar samkvæmt hinum þýska Humboldt skóla, sem Kvikmyndaskólinn starfar eftir, eins og reyndar flestir íslenskir og evrópskir háskólar telja sig gera. Grunnreglan er að háskóli og akademía starfi eingöngu í þjónustu þekkingarinnar, frjáls frá öllum ytri hagsmunaaðilum (stakeholders). Allt regluverk skólans og starfsemi lýtur ofangreindum umgjörðum; íslenskum lögum og evrópskum viðmiðum um frelsi í háskólastarfsemi.
- c. Sterk tenging við atvinnulífið. “Byggjum upp blómlegan kvikmyndaiðnað” hafa um árabíl verið einkunnarorð skólans og um leið skýr tilgangur hans. Þetta má sjá í skýrslu skólans frá árinu 2007: “3000 ný störf í íslenskum myndmiðlaiðnaði árið 2012” sem þótti bjartsýnt en gekk svo eftir með innreið erlendra kvikmyndaverkefna um leið og innlendur iðnaður eflist. Í dag kynnir skólinn 10-15 þúsund störf sem framtíðarsýn fyrir íslenska kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinn.

Efling iðnaðarins hefur þannig verið leiðarljós skólans alla tíð og skólinn veit að hann hefur verið ein af burðarstoðum fyrir tíðöldun iðnaðarins (störf-fjármagn) á Íslandi á 30 ára starfstíma sínum.

3.2 KENNSLUSKRÁ

Kvikmyndaskólinn býður upp á nám í fjórum deildum:

- Deild 1. Leikstjórn/Framleiðsla D1
- Deild 2. Skapandi tækni D2 (sérلínur: kvikmyndataka, hljóðhönnun, klipping og myndbreyting)
- Deild 3. Handrit/Leikstjórn D3
- Deild 4. Leiklist D4

Nám í hverri deild er 120 (ECTS) einingar, sem er þyngdarstig metið í 3000 til 3600 klst. vinnuframlagi nemanda, sem skiptist niður á fjögur misseri. Námið hefur verið með sömu deildarskiptingu og uppbyggingu frá árinu 2007, með fyrstu útskrift árið 2009. Ýmsar kannanir, auk staðfestinga í skipulegum viðtölum, sýna að útskriftarnemendur og nemendur á öðrum misserum eru við efri mörk skalans, og flestir reyndar vel yfir.

Deildirnar fjórar eru allar eins uppbyggðar, en með ólíkum sérsviðum og reyndar einnig með ólíkar týpur af nemendum innanborðs. Starfsheiti í kvikmyndagerð hafa verið talin hátt á annað hundrað en svokallaðar lykilgreinar flokka þau niður í eftirfarandi deildir og starfsheiti: 1. Handrit, 2. Leikstjórn, 3. Leiklist, 4. Framleiðsla, 5. Kvikmyndataka, 6. Klipping, 7. Hljóð, 8. Myndbreyting, 9. Leikmynd, 10. Búningar, 11. Grafík, 12. Tónlist. Núverandi fjórar deildir Kvikmyndaskólans sinna átta af ofangreindum lykilgreinum. Lagðar hafa verið fram tillögur um að setja á stofn tvær nýjar deildir í viðbót til að mennta nemendur í öllum tólf sérgreinunum. Jafnframt hefur verið kynnt að í undirbúningi sé 60 eininga sameiginlegt viðbótarár allra deilda til fullnustu BA gráðu.

Kennsluskrá allra deilda skiptist í 4 hluta:

1. Kjarna, sem er 30 einingar, eða 25% af náminu, og dreifist á 4 misseri í öllum deildum.
 2. Sérلínur, sem eru námskeið sem tengjast sérsviði deildar, kenndar í samfellu í gegnum 4 misseri.
 3. Stoðgreinar, sem eru stök námskeið, til stuðnings sérلínunum.
 4. Kvikmyndagerð, sem eru námskeið sem ljúka með kvikmyndaverki eða sýningu af einhverju tagi.
- Prósentuhlutfall milli sérلínu, stoðgreina, og kvikmyndagerðar er nokkuð mismunandi eftir deildum og stjórnast af eðli þeirra lykilgreina sem þær þjóna.

4. MATSKERFI, MATSSPURNINGAR, GAGNAÖFLUN

4.1 Matið er framkvæmt m.a. með kerfi Matsfræðingafélags Íslands um gæðamat sem hringferli til hliðsjónar (a. Matsteymi myndað. b. Teymið ákveður matsþætti. c. Matsspurningar settar fram. d. Viðmið ákveðin. e. Gagnaöflun. f. Gögn greind, veikar og sterkar hliðar. g. Umbótaáætlun gerð og framkvæmd.) Fleiri gæðakerfisferlar eru að sjálfsögðu notaðir í gæðavinnu skólans. En af því skólinn hefur unnið með feril MÍ í fyrri könnunum, þá er hann notaður til að skapa samræmi.

4.2 Yfirskrift þessa sjálfsmats er: “Lokaverkefni námskeiða og útskriftarverkefni nemenda Kvikmyndaskóla Íslands, í desember 2024, metin með hliðsjón af opinberum viðmiðum um æðri menntun og prófgráður.”

Umorðuð yfirskrift, í spurningaformi, er eftirfarandi matsspurning:

“Hversu vel uppfylla og endurspeгла kvikmyndir nemenda, sem gerðar voru í ýmsum námskeiðum Kvikmyndaskóla Íslands á haustmisseri 2024, opinber viðmið um háskólanám og háskólastarf?”

Til að svara þessari spurningu gerðu starfsmenn skólans fjórar kannanir/ rannsóknir tengdar kvikmyndaframleiðslu Kvikmyndaskóla Íslands á haustmisseri 2024:

I. Rýning mynda með hliðsjón af hæfniviðmiðum í kennsluskrá og kennslu. Námskeiðin að baki öllum myndum metin og rýnd í kennsluskrá, bæði lýsing og hæfniviðmið. Textinn samlesin við hin opinberu hæfniviðmið. Hæfi og reynsla kennara/leiðbeinanda skoðuð og kennsluáætlun. Kvikmyndin síðan metin út frá opinberum viðmiðum og viðmiðum Kvikmyndaskólans (Anna Þórhallsdóttir, gæða- og fjármálastjóri KVÍ, MS í Stjórnun og stefnumótun / Háskóli Íslands).

II. Efnisgreining mynda. Rannsóknin gerð til að meta og greina umfjöllunarefni, áhugasvið og persónuleika nemenda og hvernig þeir endurspeгла

raunheiminn í kvikmyndagerð sinni. Einnig til að meta styrkleika og brotalamir í námsuppbýggingu og kennsluskrá Kvikmyndaskólans, eins og þessir þættir birtast í efnistöfum nemenda (Þóra Fjeldsted, ritari Tmakk, MA í Safnafræði / Graduate School of Arts and Sciences, New York University).

III. Greining á árangri Kvikmyndaskólans í árlegri samkeppni útskriftarmynda meðal Cilect skóla síðustu 10 árin, einangrað við keppni við grunnnámsháskóla (undergraduate) (Hrafnkell Stefánsson, námsstjóri KVÍ, MA í Handritsgerð / London Film School).

Upplýsingar um keppni: Hver skóli í Cilect samtökunum, sem eru alþjóðleg samtök kvikmyndaáskóla með nú 180 skólum [Cilect.org](https://cilect.org), velur árlega eina útskriftarmynd nemenda sinna til keppni. Niðurstöður fást með atkvæðagreiðslu allra aðildarskóla, með kerfi ekki ósvipuðu fagnefndahluta Eurovision söngvakeppninnar. Fyrir skóla á Íslandi, lengst norður í Atlantshafi, er keppnin einstakt tækifæri til að sjá hvað allir aðrir í heiminum eru að gera, um leið og hægt er að leggja eigin verk í dóm annarra fagskóla sem starfa á nákvæmlega sama sviði. Niðurstöður úr könnunum af þessu tagi byrja fyrst að hafa gildi þegar hægt er að skoða þær yfir lengra tímabil. Kvikmyndaskólinn hefur tekið þátt í 13 ár, frá árinu 2012 en metur hér síðasta áratug, miðandi við 2015 sem upphafsár og 2024 sem lokaár.

IV. Akademískt umhverfi. Könnun á dreifingu fréttar IFS_news árið 2024
[IFS News á X.com](https://www.ifsnews.com)

IFS news er alþjóðlegur fjölmiðill Kvikmyndaskóla Íslands-Icelandic Film School, sem birtir og dreifir fréttum úr alþjóða kvikmyndaheiminum 6 sinnum á dag, samkvæmt kerfi sem flokkar fréttir eftir efnistöfum og löndum. Fréttir eru birtar í sjónvarpi á öllum hæðum skólans og veita nemendum og starfsfólki þannig “útsýni” á kvikmyndaheiminn. IFS news gegnir með þessum hætti beinu kennslufræðilegu hlutverki.

(Erna Lilliendahl ritstjóri miðilsins. Sjá hlekk: [IFS News á X.com](https://www.ifsnews.com)).

Fyrstu tvær kannanirnar snúa með beinum hætti að þeim “verkþætti” sem verið er að meta: kvikmyndum nemenda á haustmisseri 2024. Sú þriðja er óbein og kannar árangur útskriftarmynda í Cilectskólakeppni síðasta áratuginn. Sú fjórða lýtur að að almennu akademísku umhverfi nemenda. Hún hefur getað snúið að rannsóknarstarfi, eða öðrum sérhæfðum þáttum starfseminnar, en ákveðið var að kanna miðlunina, sem skólinn hefur alltaf litið á sem mikilvægan þátt í umgjörð starfseminnar.

4.2 Viðmið eru fengin úr auglýsingu háskólaráðuneytisins (auglýsing), þar sem segir: “Viðmið um æðri menntun og prófgráður á Íslandi eru kerfisbundin lýsing á uppbyggingu náms- og prófgráða á háskólastigi sem taka sérstaklega til viðmiða

um hæfni/lærdóm (e. learning outcomes) við námslok. Allir háskólar á Íslandi sem öðlast viðurkenningu ráðherra sem fer með málefni háskóla samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 skulu fylgja þeim viðmiðum sem hér eru sett fram.”

4.2.1 HÆFNIVIÐMIÐ STJÓRNVALDA

1. ÞEKING: Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu innan fræðigreinar eða starfsgreinar. Í því felst að nemandi: · hafi öðlast innsæi inn í valdar kenningar og hugtök, · geri greinarmun milli fræðilegra skýringa og annars konar skýringa, · skilji og þekki stöðu fræðigreinar í víðara samhengi.

2. LEIKNI: Við útskrift getur nemandi beitt aðferðum og verklagi starfsgreinar eða fræðigreinar. Í því felst að nemandi: · geti undirbúið, skipulagt og framkvæmt verkefni, · geti nýtt sér þá grundvallarfærni og tækni sem notuð er á viðkomandi sviði, · geti miðlað efni fræðigreinar eða starfsgreinar á skipulagðan og skiljanlegan hátt, · hafi tileinkað sér frumleika í hugsun, · geti lýst einföldum fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum.

3. HÆFNI: Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og frekara námi. Í því felst að nemandi: · hafi þróað með sér hæfni til að geta tekist á við frekara nám, · sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, · geti unnið með öðrum að verkefnum.

5. MÖGULEGAR ÚTKOMUR SJÁLFSMATS, FORSENDUR

5.1 Verkefni matsnefndar snýst um að meta hæfni nemenda eins og hún birtist í kvikmyndum þeirra í sýningarviku í lok haustmisseris 2024. Greining námskeiða og samanburður hæfniviðmiða eru kennslufræðilegar upplýsingar um hvaða hæfni skal veitt/sýnd með viðkomandi kvikmyndaverki. Skoðun kvikmynda snýst svo um hvort hæfni og þroski nemenda, ásamt kennslu, skipulagi og umgjörð, sé fullnægjandi. Fyrirfram liggur fyrir að Kvikmyndaskóli Íslands, eins og hver önnur viðurkennd skólastofnun, getur ekki sæst á nein frávik í uppfyllingu skilyrða. Það þýðir að einungis tvær niðurstöður eru í raun mögulegar úr þessu innra mati; staðið eða fallið. Samkvæmt hefðbundinni venju í matsniðurstöðum, þá er samt boðið upp á þriðju útkomuna, sem er staðið með skilyrðum.

Niðurstöður sjálfsmats geta því orðið þrjár:

- a. Staðið.** Kvikmyndaskólinn uppfyllir viðmið. Öll námskeið, lýsing/hæfnivið/skipulag/kennsla standast opinber hæfniviðmið. Allar kvikmyndir endurspeglar hæfniviðmið Kvikmyndaskólans og hin opinberu viðmið. Staðfest að við skólann fer fram nám á grunnháskólastigi.
- b. Staðið með skilyrðum.** Kvikmyndaskólinn uppfyllir viðmið með skilyrðum, þar sem minniháttar lagfæringa er þörf á innan við 30% námskeiða og kvikmynda svo þau uppfylli opinber viðmið og skilyrði.
- c. Fall.** Kvikmyndaskólinn uppfyllir ekki viðmið. Athugasemdir gerðar við meira en 30% námskeiða og kvikmynda. Niðurstaða matsins er að ekki fer fram nám á 5. hæfniprepi við skólann.

5.2 Svo námskeið teljist hafa staðist viðmið þarf:

- Lýsing námskeiðs að vera kennslufræðilega skýr og í beinu samhengi við kvikmynd.
- Skýr samhljómur þarf að vera á milli hæfniviðmiða námskeiðs og opinberra viðmiða.
- Staðfest menntun, reynsla og hæfni kennara/leiðbeinanda til að leiða fram viðmið námskeiðs þarf að liggja fyrir.
- Kvikmyndin þarf að endurspeglar bæði hæfniviðmið Kvikmyndaskólans og hins opinbera.

5.2.1 Til skoðunar voru 88 myndir sem voru afrakstur vinnu nemenda á 26 námskeiðum sem samanlagt telja 128 einingar og deilast á 4 deildir og kjarna. Jafnframt voru metnir 18 kennarar og leiðbeinendur. Samanlagt var um að ræða um 15 klst. af myndefni til skoðunar og greiningar.

Samkvæmt skipulagi Kvikmyndaskólans eru öll námskeið kennsluskrár kennd á hverju misseri. Miðað við fulla bekkjarskipan í deildir eru það 107 námskeið. Kvikmyndaskólinn hefur að meðaltali verið að kenna 85 námskeið á misseri í íslenskumælandi deild síðasta áratug og leiðbeinendur verið á milli 50 og 60. Í matinu er því settur fókus á um 30% námskeiða. En hér verður að geta þess að hæfni sú sem endurspeglast í kvikmyndaverkum nemenda er að sjálfsögðu afrakstur fleiri námskeiða en þeirra sem halda utan um framleiðsluna. Að örfáum námskeiðum frátöldum, þá hafa þau öll þann tilgang að auka þekkingu nemenda í kvikmyndagerð með beinum hætti, þannig að þeir öðlist hæfni til að nota í eigin kvikmyndagerð.

6. GAGNAFLOKKUN OG GREININGAR

6.1 Gögn til greiningar og mats eru eftirfarandi:

I. Rýning mynda með hliðsjón af hæfniviðmiðum í kennsluskra og opinberum viðmiðum. Skráning gagna er eftirfarandi:

- a. Misseri, heiti námskeiðs, deild/kjarni, einst./hópverkefni, leiðbeinandi
- b. Lýsing námskeiðs og hæfniviðmið (úr kennsluskra)
- c. Hlutverk námskeiðs í kennsluskra/námsferli
- d. Samanburður hæfniviðmiða Kvikmyndaskólans við opinber viðmið, umsögn
- e. Greining verkefna, með hliðsjón af hæfniviðmiðum, umsögn
- f. Mat á gæðum kennara/leiðbeinenda til að innleiða hæfniviðmið til nemenda, umsögn
- g. Samantekt og niðurstaða

II. Efnisgreining mynda

Kvikmyndaverkefni nemenda: Greining og skráning:

- a. Misseri, heiti verks, kyn
- b. Tegund myndar, GENRE
 - i. Gamanmyndir
 - ii. Hryllingur, spenna
 - iii. Raunsæi
 - iv. Töfraraunsæi
 - v. Tilraunamyndir
- c. Önnur flokkun
 - i. Ofbeldi
 - ii. Ofbeldi gegn konum
 - iii. Samfélagsvitund
 - iv. Sjálfskoðun
 - v. Tæknivinnsla
 - vi. Klassískt
 - vii. Nútímabundið
 - viii. Raunasaga
 - ix. Sigur yfir mótlæti

III. Greining á árangri KVÍ í árlegri samkeppni útskriftarmynda meðal Cilect skóla síðustu 10 árin

- a. Flokkun Cilect skóla eftir hæstu námsgráðum sem þeir útskrifa á, MA, BA, Diploma
- b. Skráður árangur Kvikmyndaskólans í Cilect keppnum 2015 til 2024

IV. Akademískt umhverfi Kvikmyndaskóla Íslands. Könnun á dreifingu fréttu [IFS_news](#) árið 2024

- 1. Heildartalning fréttu
- 2. Flokkun eftir heimsálfum og löndum
- 3. Flokkun eftir efnistöfum

7. NIÐURSTÖÐUR

7.1 Til skoðunar voru 88 myndir sem er afrakstur vinnu nemenda í 26 námskeiðum á haustmisseri 2024. Jafnframt voru metnir 18 kennarar og leiðbeinendur. Samanlagt var um að ræða um 15 klst af myndefni. Um er að ræða um 30% námskeiða misseris, en kvikmyndir endurspeгла vel skólahaldið í heild. Matsspurningin var:

“Hversu vel uppfylla og endurspeгла kvikmyndir nemenda, sem gerðar voru í ýmsum námskeiðum Kvikmyndaskóla Íslands á haustmisseri 2024, opinber viðmið um háskólanám og háskólastarf?”

7.2 Niðurstöður ákveðnar fyrirfram gátu orðið: “Staðið” þar sem viðmið um grunnháskólanám eru uppfyllt. “Staðið með skilyrðum” eða “Fall”, þar sem háskólastarfsemi er ekki staðfest. Sjá nánar kafla 5.1.

7.3 Gerðar voru eftir eftirfarandi greiningar/rannsóknir til að fá niðurstöðu:

- I.** Rýning mynda með hliðsjón af hæfniviðmiðum í kennsluskrá KVÍ og opinberum viðmiðum um háskólanám
- II.** Efnisgreining mynda
- III.** Greining á árangri KVÍ í árlegri samkeppni útskriftarmynda meðal Cilect skóla síðustu 10 árin
- IV.** Akademískt umhverfi Kvikmyndaskóla Íslands. Könnun á dreifingu fréttar IFS_news árið 2024

7.4 Samantekt niðurstaðna.

I. Rýning 26 námskeiða og kvikmynda nemenda sem afraksturs þeirra, sýndi fram á að öll námskeiðin uppfylltu hæfniviðmið námskeiða eins og þau eru kynnt í kennsluskrá Kvikmyndaskólans. Samlestur hæfniviðmiða námskeiða við opinber viðmið, eins og þau birtast í auglýsingu um æðri menntun og prófgráður, staðfesti jafnframt fullt samræmi í hæfniviðmiðum skólans við hin opinberu, í öllum tilfellum. Mat á 18 kennurum/leiðbeinendum leiddi í ljós að allir stóðust viðmið um háskólamenntun og/eða mikla reynslu. Allir eru þeir starfandi í greininni. Ábendingar og athugasemdir voru gerðar við efnislýsingar í tveimur námskeiðum, varðandi tengingu við kvikmynd.

Þá var gerð athugasemd við reynslu annars útskriftarmynda-leiðbeinandans. Einnig var bent á að bakgrunnur nokkuð margra leiðbeinenda sé frá Kvikmyndaskólanum, sem er í sjálfu sér ekki óeðlilegt í 30 ára gömlum skóla, en getur leitt af sér sér einsleitni ef ekki er önnur menntun til staðar. Almenn könnun á menntunarbakgrunni leiðbeinenda sýndi hins töluverða fjölbreytni.

II. Skoðun á kvikmyndum nemenda, mat á þeim viðfangsefnum sem þeir völdu sér, og hvernig þeir beittu hæfni sinni til að skapa listræn og persónuleg kvikmyndaverk, staðfestir ótvírætt þroskastig þeirra sem háskólanema að mati matsnefndar. Greining og flokkun á efnisinnihaldi allra myndanna 88 leiddi í ljós mikla fjölbreytni í efnisvali. Niðurstöður voru athyglisverðar. Það kemur t.d. í ljós að kynbundin munur virðist vera á því hvaða tegundir mynda nemendur velja að gera. Karlkyns nemendur voru mun líklegri til að gera grínmyndir eða töfraraunsæi, meðan konur voru mun líklegri til að búa til raunsæismyndir, eða hryllings- og spennumyndir. Greiningin sýndi einnig að sú heimsmynd sem birtist í verkunum er frekar neikvæð en jákvæð. 12,2% mynda sagði raunasögur (nánast jafnt milli kynja), ofbeldi kemur nokkuð víða við sögu en í einungis 7,6% verkana var sagt af sigri yfir mótlæti (og karlar jákvæðari). Ástæða er til að benda á að greiningin felur í sér margvíslegar fleiri niðurstöður sem eru upplýsandi fyrir kennslu- og rannsóknarstarf skólans. En jafnframt er hún upplýsandi fyrir nemendur skólans og framtíðarnemendur, þegar viðfangsefni eru valin.

III. Greining á árangri KVÍ í árlegri samkeppni Cilect skóla síðustu 10 ára, einangrað við keppni við grunnnámsháskóla (undergraduate). Helstu niðurstöður: Heildarfjöldi Cilect skóla sem tekið hafa þátt í keppninni eru 179 talsins. Af þeim fjölda eru 54 skólar sem útskrifa með BA gráðu og 18 skólar sem útskrifa með diplómu. 107 skólar útskrifa með meistaragráðu. Meðaltalsárangur Kvikmyndaskóla Íslands síðustu 10 árin (2015-2024) er 44. sætið og besti árangur 5. sætið, sem verður að teljast mjög gott hjá grunnnámsakademíu sem keppir við m.a. 107 meistaranámsskóla. Í því samhengi var áhugavert að bera skólann saman við Cilectskóla á grunnnáms- og diplómastigi. Niðurstaðan var að af 72 BA og diplómaskólum, þá var KVÍ að meðaltali í 19. sæti (2015-2024). Það verður einnig að teljast mjög góður árangur.

IV. Könnun á dreifingu fréttar IFS_news árið 2024

(IFS News á X.com) en IFS news er alþjóðlegur fjölmiðill

Kvikmyndaskóla Íslands-Icelandic Film School. Helstu niðurstöður: Samtals voru fluttar 2196 fréttir í miðli IFS news á árinu 2024. 813 þeirra voru frá Evrópu, 432 frá Asíu, 160 frá Afríku, 407 frá Norður Ameríku, 105 frá Suður Ameríku, 25 frá Ástralíu og 42 alþjóðlegar. Í efnisflokkaskráningu þá voru 30% fréttar í flokknum: "Stórmyndir/Væntanlegar/Þættir" - 19% "Stjörnufréttir/afmæli/andlát" - 16% "Tækni" - 16% "Tilvitnanir" - 15% "Hátíðir/Verðlaun" - og 4% "Gagnrýni". Athuga að öll skipting er nánast uppá prósent samkvæmt þeim ramma sem starfað er innan, frá ári til árs.

Niðurstaðan verður að teljast nokkuð tilprifamikil, þótt vissulega sé hér eingöngu um dreifingu fréttar sem unnar eru af öðrum. En það er hina akademiska nálgun við fréttaoðflun og kennslufræðilega nálgun við dreifingu sem hér er athyglisverð. Ekki síst í ljósi þess hversu auðveldlega Kvikmyndaskólanum hefur reynst að byggja upp alþjóðlegt kvikmyndanáms við hlið þess íslenska, þar sem hnattræn dreifing nemenda er mjög mikil. Flestir koma frá Evrópu og Asíu sem er í samræmi við fjölda fréttar IFS news. Nemendur hafa annars komið frá öllum heimsálfum nema ennþá vantar Eyjaálfu. En miðillinn tekur hér greinilega þátt í alþjóðavæðingu akademíunnar.

7.5 Niðurstaða matsnefndar:

Sú vinna sem matsnefndin lagði af stað með að meta; hæfniviðmið námskeiða og kennslu út frá opinberum viðmiðum, greiningu á gæðum og efni mynda, greiningu á árangri útskriftarmynda og árangri þeirra í alþjóðlegum samanburði við sambærilega kvikmyndaskóla á háskólastigi, er á heildina litið að skila mjög jákvæðri mynd af innra starfi KVÍ og nemendum hans. Það má taka það fram að sambærilegar kannanir eru að öllu jöfnu ekki gerðar hér á landi við háskólastofnanir sem kannski væri tilefni til. Hér hafa gæðin verið metin af nokkurri nákvæmni út frá samtengingu hæfniviðmiða og lokaverkefna og niðurstaðan er mjög jákvæð. Ef hæfniviðmiðum er ekki mætt í kennslu og árangur útskriftarverkefna stenst ekki lágmarks kröfur er það merki um vanda í stofnun, en slíkur vandi kom ekki fram í þessari könnun.

Það er niðurstaðan matsnefndar að Kvikmyndaskóli Íslands sé að skila miklum gæðum í störfum sínum og uppfylli mjög vel allar opinberar viðmiðanir íslenskra stjórnvalda um háskólastarfsemi.

Reykjavík 14. febrúar 2025
Böðvar Bjarki Pétursson
Dr. Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Dr. Sigurður Gylfi Magnússon

8. FYLGISKJÖL

[Hlekkur á fyrri kannanir, skýrslur og kynningargögn](#)

[Kennsluskrá Kvikmyndaskóla Íslands 2024-2025](#)

[Hin akademíska klukka KVÍ](#)

1. [Rýning mynda með hliðsjón af hæfniviðmiðum í kennsluskrá og opinberum viðmiðum.](#)

1.1 [Vinnslugögn](#)

2. Efnisgreining á innihaldi kvikmyndaframleiðslu KVÍ haustmisseri 2024

2.1 [Helstu niðurstöður](#)

2.2 [Tafla](#)

3. [Greining á árangri KVÍ í samkeppni útskriftarmynda meðal Cilect skóla síðustu 10 árin](#)

4. [Akademískt umhverfi Kvikmyndaskóla Íslands. Könnun á dreifingu fréttar IFS_news árið 2024](#)